

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Arnarlax	15.10.2018	Arnarfjörður	2
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
580310-0600	15.02.2032	Já	Sjókvíar, 10.000t af laxi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?		X		Ný kynslóð á Hringsdal. Hvíld svæðis ekki í samræmi við starfsleyfi.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Skilað inn í GB 14.maí og vöktunarskýrslu sem barst 30. apríl.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		Skilað 14. maí.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Í lagi
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í lagi
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Þarf að uppfæra.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Handstýrð myndavélaflóðrun frá OPC í höfuðstöðvum á Bíldudal.
Er skráning á losun fósíors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Útreikningar á fosfór og köfnunarefni í grænu bókhaldi er ekki sundurliðað m.t.t. Arnarfjarðar og starfsstöð fyrirtækisins, áður Fjarðarlax, í Patreks- og Tálknafirði. Því er óljóst hvort losunarmörk eru virt.
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fódurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	X			Með myndavélaflóðruninni eru fódurleifar í lágmarki. Ekki vart við þörungablóma eða fugl sem sótti í fódur.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X			
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			Hringsdalur: 6 kvíar, meðalþ.: 803 g, lífmassi: 916.499 kg Haganes: 6 kvíar, meðalþ.: 4,8 kg, lífmassi: 2.189.281 kg Steinanes: 10 kvíar, meðalþ.:3,6 kg, lífmassi: 6.470.148 kg.
Eru kvíarnar staðsettar innan leyfilegs svæðis skv. starfsleyfi?	X			
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	X			Steinanes: 29/10. Slátrað á Bíldudal. S-Iceland og Arctic Protein taka við slógi. Tjaldanes 2019 – júní næsta útsetning seiða.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Niðurstöður mælinga á köfnunarefni og fosfór í sjósýnum hafa einungis borist fyrir Hringsdal fyrir 2017.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði


Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Vöktunarskýrslur innihalda ekki niðurstöður mælinga á fosfór í seti, líkt og tiltekið er í vöktunaráætlun. Niðurstöður mælinga frá 2017 á fosfór og köfnunarefni í sjósýnum á eru einungis frá einu eldissvæði. Auk mælinga á fosfór og köfnunarefni ber rekstraraðila að vakta kopar í umhverfinu, ef notaðar eru eldisnætur sem hafa verið lítaðar með efni sem inniheldur koparoxíð. Engar koparnætur voru notaðar árið 2017.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Vöktunarskýrslum og GB hefur verið skilað.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?		X		Max lífmassi í Hringisdal, 2019. Er ekki skv. samþykkttri vöktunaráætlun. Akva Plan Niva.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Engar athugasemdir. 26.06.2017

Samantekt:	Neyðaráætlun þarf að uppfæra. Vöktunaráætlun þarf að uppfæra. Ekki var farið eftir skilyrðum um hvíldartíma við útsetningu seiða. Upplýsingar vantar í ársyfirlit.
Annað:	

Undirskrift eftirlitsmanns:


Sigríður Gísladóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax Arnarlax



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	15.10.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arnarlax	Eftirlitsmaður	Sigríður Gísladóttir
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Póra Dögg Jörundsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Hjörtur Methúsalemsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm ný frávík komu fram við eftirlitið, er varða umfang, vöktunaráætlun og skil ársskýrslu, græns bókhalds og útstreymisbókhalds. Frávík frá 19. júní sl. er varðar hvíld eldissvæðis er ítrekað. Fjórar ábendingar eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Nánari útlitun á frávíki frá gr. 1.2 er varðar hvíldartíma: Hringsdalur hefur ekki verið hvíldur í samræmi við starfsleyfi og frávík þess efnis er ítrekað. Rekstraraðili hefur sent inn drög fyrirspurnar um matskyldu vegna breytingar á hvíldartíma ásamt því að sækja um undanþágu frá starfsleyfi fyrir starfseminu við Hringsdal til umhverfis- og auðlindaráðuneytis 31. júlí sl. Umsóknin er enn til meðhöndlunar hjá ráðuneytinu.

Nánari útlitun á frávíki frá gr. 4.2: Samkvæmt samþykktu vöktunaráætlun rekstraraðila fyrir 2015-2020 áttu á árinu 2018 að setja seiði út við Tjaldanes og hvíla Hringsdal eftir slátrun og setja þar út seiði út árið 2019. Samkvæmt uppfærðri vöktunaráætlun fyrir 2018-2023 sem barst stofnuninni 30. apríl sl. áttu að taka sýni við Tjaldanes árið 2018 og Hringsdal árið 2019 eftir hvíld svæða og setja út seiði í kjölfarið. Þar sem eldissvæðið við Hringsdal hefur ekki verið hvílt samkvæmt starfsleyfi og ekki hafa verið sett út seiði við Tjaldanes á árinu 2018 óskaði Umhverfisstofnun eftir uppfærðri vöktunaráætlun. Rekstraraðili hefur sinnt botnmælingum við þær eldisstaðsetningar sem í notkun eru, en mælingar á fosfór í botnseti vantar. Sjósýni til efnamælinga var einungis tekið á einu eldissvæði.

Nánari útlitun á frávíki frá gr. 4.3: Vöktunarskýrsla Arnarlax barst 30.4.2018. Grænt bókhald barst 14.maí 2018, en samanlagðar upplýsingar þessara skýrslu uppfylla ekki kröfur sem eru gerðar skv. gr. 4.3. Þar sem upplýsingar í lið 6.7 og 6.8 í grænu bókhaldi eru ekki aðskildar upplýsingum fyrir starfsleyfi Fjarðarlax í Patreks- og Tálknafirði. Einnig tóku upplýsingar í vöktunarskýrslu ekki til almanaksársins 2017, heldur 1.maí 2017-30. apríl 2018. Uppfærðri vöktunarskýrslu fyrir almanaksárið 2017 hefur verið skilað.

Nánari útlitun á frávíki frá gr. 4.4: Skv. reglugerð 851/2002 um grænt bókhald er skilafrestur 1. maí ár hvert. Rekstraraðili óskaði eftir fresti til skila til 15. maí. Frestur var veittur, sem nær til eftirfylgni frávíks en ekki skráningu þess, þar sem skilafrestur er bundinn 1. maí skv. áðurnefndri reglugerð. Grænt bókhald fyrir árið 2017 barst þann 14. maí 2018. Hnit eldisstaðsins við Tjaldanes vantar í bókhaldið. Skráningar í lið 6.7, magn og meðhöndlun úrgangs, spilliefna og dauðfisks og 6.8, losun efna, skulu aðskildar fyrir rekstur í Arnarfirði og rekstur Fjarðarlax í Patreks- og Tálknafirði, þar sem reksturinn tilheyrir sitthvoru starfsleyfinu. Skv. GB voru engin lyf notuð í stöðinni á árinu 2017. Bæði rekstraraðili og Matvælastofnun hafa staðfest að notuð voru svæfingarlyf og lúsalyf á árinu.

Nánari útlitun á öðru frávíki frá gr. 4.4: Skv. reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald er skilafrestur 1. maí ár hvert. Rekstraraðili óskaði eftir fresti til skila til 15. maí. Frestur var veittur, sem nær til eftirfylgni frávíks en ekki skráningu þess, þar sem skilafrestur er bundinn 1. maí skv. áðurnefndri reglugerð. Útstreymisbókhald ársins 2017 barst 14. maí 2018. Rekstraraðili skilar sameiginlegu útstreymisbókhaldi fyrir tvö starfsleyfi. Upplýsingar í útstreymisbókhaldi skulu aðskildar fyrir rekstur í Arnarfirði og rekstur Fjarðarlax í Patreks- og Tálknafirði, þar sem reksturinn tilheyrir sitthvoru starfsleyfinu.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Eldið er að jafnaði á tveimur sjókvíaeldissvæðum í senn en eitt svæði hvílt milli eldislota að lágmarki í sex til átta mánuði. Hringsdalur hefur því ekki verið hvíldur í samræmi við starfsleyfi og frávík þess efnis er ítrekað, sjá nánari útlitun undir umfangi eftirlits hér að ofan.

- Gr. 4.2 í starfsleyfi Rekstraraðili skal vakta umhverfisþætti skv. samþykktri vöktunaráætlun. Ekki var unnið samkvæmt samþykktri vöktunaráætlun, sjá nánari útlitun undir umfangi eftirlits hér að ofan.
- Gr. 4.3 í starfsleyfi Ársyfirliti skal skila fyrir fyrsta 1.maí ár hvert. Í ársyfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga sbr. 3. og 5. kafla starfsleyfis. Ársyfirlit rekstraraðila barst of seint og er ekki fullnægjandi, sjá nánari útlitun undir umfang eftirlits hér að ofan.
- Gr. 4.4 í starfsleyfi Grænu bókhaldi skal skila fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald ársins 2017 barst of seint og skráningar eru ekki fullnægjandi, sjá nánari útlitun undir umfang eftirlits hér að ofan. Frávikinu telst lokið.
- Gr. 4.4 í starfsleyfi. Útstreymisbókhald skal berast Umhverfisstofnun fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhald ársins 2017 barst of seint og skráningar eru ekki fullnægjandi, sjá nánari útlitun undir umfang eftirlits hér að ofan. Frávikinu telst lokið.
- Gr. 1.2 í starfsleyfi Leyfilegur hámarkslífmassi í stöðinni er 10.000 tonn. Skv. gögnum frá rekstraraðila var lífmassi í stöðinni 10.075 tonn þann 10. des 2018 þrátt fyrir að slátrað hafi verið upp rúmum eitt þúsund tonnum fiskjar í nóvember og það sem af var desember.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðri neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða ótímabundinnar rekstrarstöðvunar. Rekstraraðila er bent á að skila þarf niðurstöðum um losun fosfórs á kg P/framleitt tonn, þar sem losunarmörk eru 20 kg P/framleitt tonn. Ekki er hægt að ákvarða losunina útfrá tölum í ársskýrslu/grænu bókhaldi, þar sem losunin P í kg er ekki sundurliðuð frá losun Fjarðarlax í Patreks- og Tálknafirði.

Rekstraraðila er einnig bent á að skila ársyfirliti fyrir hvert almanaksár, sem tiltekur niðurstöður mælinga og skráninga. Ábending er einnig gerð er varðar að vöktunarskýrslu sem unnin var í samræmi við uppfærða vöktunaráætlun fyrir tímabilið 2018-2023 var skilaði inn sama dag og uppfærðri áætlun, sem gaf eftirlitsaðila ekki tækifæri til að yfirfara og samþykka áætlunina.

ANNAÐ

Eftirlitsaðili óskar eftir því að skráningar sbr. lið 4.1 í starfsleyfi séu hluti af ársyfirliti rekstraraðila framvegis. Einnig óskar eftirlitsaðili eftir því að ársyfirliti sé skilað á sér skjali eða ef því er skilað með grænu bókhaldi, eins og heimild er fyrir skv. gr. 4.4, að það sé greinilegt frá titli skjals.

16.01.2019

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Hulda Soffía Jónasdóttir

